

LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 2. mgr. 111. gr. laganna koma fjórar málsgreinar er orðast svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð.

Telji innheimtumaður tók á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.
2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga skv. 3. mgr. og nauðasamninga skv. 4. mgr.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Friðrik Sophusson.

LÖG

um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til að auðvelda einstaklingi, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, að leita nauðasamnings er ríkinu heimilt að veita réttaraðstoð eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

2. gr.

Sá sem leita vill réttaraðstoðar samkvæmt lögum þessum skal beina skriflegri umsókn til dómsmálaráðherra þar sem fram komi fullt nafn umsækjanda, kennitala og lögheimili, auk þess sem greint skal nákvæmlega frá efnahag hans, tekjum og fjölskylduáðstæðum, svo og efnahag og tekjum maka ef því er að skipta. Í greinargerð umsækjanda um efnahag skulu koma fram upplýsingar um eignir hans og andvirði þeirra annars vegar og skuldir hins vegar þannig að greint sé frá höfuðstól hvernar skuldar ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, gjalddaga og hvort trygging hafi verið sett fyrir greiðslu skuldar. Þá skal og gera grein fyrir ástæðum fjárhagsörðugleika umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja gögn um efnahag umsækjanda, síðasta skattframtal hans og önnur nauðsynleg gögn til að unnt sé að leggja mat á hvort réttaraðstoð verði veitt skv. 4. gr.

3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir skv. 2. gr. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra, en þann þriðja skipar dómsmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Telji nefndin líkur á að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningi, þar á meðal að samningurinn muni fást staðfestur, getur hún lagt til við dómsmálaráðherra að réttaraðstoð verði veitt.

Dómsmálaráðherra getur því aðeins veitt réttaraðstoð að nefndin mæli með því.

Í þágu þess sem veitt er réttaraðstoð skal greiða úr ríkissjóði kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings ásamt tryggingu fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Í þessu skyni getur réttaraðstoð þó ekki numið hærri fjárhæð samanlagt en 250.000 kr. handa hverjum umsækjanda miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, 174,9 stig.

5. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Getur hann sett nánari ákvæði í þeim efnum með reglugerð.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.